



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

643. stjórnarfundur þriðjudaginn 9. september 2025 kl. 18:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Stefán Guðjónsson, Garðar Örn Arnarson ásamt Birgi Má Bragasyni framkvæmdastjóra og Hjördísi Baldursdóttur íþróttastjóra.

Fjarverandi: Guðmundur Steinarsson, Jónína Steinunn Helgadóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá skjaladeild Reykjaneshæjar vegna endurbóta á HS Orku vellinum.

Tölvupóstur frá svæðisskrifstofu Suðurnesja vegna dagskrár íþróttaráðstefnu 17. sept nk.

Tölvupóstur frá AG vending vegna leigu á sjálfssölum.

3. Send bréf

Ítrekun send á Halldóru Fríðu og Guðnýju Birnu bæjarfulltrúa vegna reksturs á Sunnubrautinni.

4. Íþróttaráðstefna Suðurnesja

Íþróttaráðstefna Suðurnesja verður haldin 17. september nk. í Hljómahöll. Aðalstjórn hvetur allar stjórnir innan Keflavíkur til að mæta.

5. Starfsdagur Keflavíkur

Búið er að fresta starfsdegi Keflavíkur fram til miðvikudagsins 29. október. Aðalstjórn biður deildir að fella niður æfingar þennan dag frá kl. 17:00 – 19:00 svo allir þjálfarar geti mætt. Dagskráin verður auglýst síðar.

6. Fundur með barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar

Formaður og framkvæmdastjóri sátu fund með formanni og yfirþjálfurum barna- og unglingaráðs í knattspyrnu. Umræða um mikilvægi þess að búa til góða stefnu fyrir ungmennin okkar. Kvinnaliðin eru að standa sig gríðarlega vel.

7. Íþróttastjóri Keflavíkur

Hjördís, íþróttastjóri Keflavíkur fór yfir stöðu ýmissa mála hjá félaginu. Verið er að vinna myndband sem á að nota til að auglýsa allt íþróttastarf Keflavíkur. Frekar dræm skráning er hjá yngstu iðkendum í körfubolta og fótbolta. Hjördís sagði frá Stjörnuleikum í Stapaskóla sem verða næsta laugardag, þar kynna deildir það starf sem þær eru að bjóða upp á fyrir börn með sérþarfir.

8. Önnur mál

- A. Umræða um skipulag á unglíngastarfi körfuknattleiksdeildar.
- B. Birgir Már framkvæmdastjóri og Rúnar formaður ÍRB fóru og heimsóttu stjórnarfólk Hauka og FH. Birgir sagði m.a. frá góðri samvinnu á milli íþróttafélaganna og Hafnarfjarðarbæjar.
- C. Fimleikadeildin 40 ára. Öllum boðið í heimsókn á milli kl. 14:00 – 17:00 á föstudaginn.
- D. Síðasti leikur meistaraflokks karla Keflavíkur í fótbolta er á laugardaginn. Mikilvægur leikur og allir hvattir til að mæta.

Fundi lokið kl. 19:00

Næsti fundur verður þriðjudaginn 23. september.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.